

Ed.

588. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klotnað um aðalatriði málsins. Meiri hlutinn virðist hallast að þeirri skoðun, að ekki sje rjett að fækka starfsmönnum við háskólann. Forsætisráðherra kom á fund með nefndinni og hallaðist yfirleitt á þá sömu sveif, nema ef vera skyldi með biskupsembættið.

Minni hlutinn slitur aftur á móti fækkun við háskólann sjálfsgöða, en þykir sá galli á frv., að fækkunin á ekki að koma til greina fyr en þeir menn, sem sitja í hinum miður þörfu embættum, fara úr þeim að eigin ósk eða við dauða. Et frv. er samþykkt þannig, er það blábert kák og yfirskin. Yrði ekki að því eyris sparnaður, að eins ofurlitil »óekta« fjöður á sparnaðarhatt þess manns, sem ætlaði að rjetta við fjárhag landsins með því að leggja niður heila deild við háskólann og endar svo með því að leggja til, að spöruð verði miður þörf embætti, sem með eðlilegum hætti losna væntanlega ekki fyr en eftir ein 20—30 ár.

Til þess að bera ekki ábyrgð á þessum umrædda yfirskinssparnaði og enn síður þeirri hófleysu að halda uppi embættum að eins vegna þeirra, sem i

þeim eru, til þess að þeir hafi af þeim atvinnu, leggur minni hlutinn til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að það niðurfall embættis, sem um er rætt, komi undir eins til framkvæmda.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Sú fækkun, sem leiðir af lögum þessum, skal koma til framkvæmda þegar í stað.

Alþingi, 4. maí 1924.

Jónas Jónsson.